

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 12. stjórnarfundar, haldinn 4. apríl. 2024 í Borgartúni 26 kl. 14:15-17:30.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þórólfur Jónsson og Bjarki Már Magnússon sátu fundinn undir liðum 3 og 4.

## Dagskrá fundar:

- Fundargerð 11. fundar**  
Fundargerð 11. fundar samþykkt.
- Samningur um kaup á lögfræðipjónustu**  
Framkvæmdastjóri greindi frá því að gerður hefði verið samningur við Þórólf Jónsson lögmann á Logos um lögfræðipjónustu.
- Starfsreglur stjórnar og verklagsreglur**  
Á fundinum voru reifuð og rædd þau atriði sem þurfa að koma fyrir í starfsreglum stjórnar og þeim verklagsreglum og verkferlum sem gilda munu um kaupin. Ákveðið að ákvarðanir um kaup verði teknar á sérstökum kaupafundum og að a.m.k. tveir fulltrúar Þórkötlu taki ákvörðun í öllum tilvikum, að jafnaði yrðu það a.m.k. einn stjórnarmaður auk framkvæmdastjóra.
- Fyrstu kaupsamningar**  
Ákveðið að hefja kaup á húseignum 9. apríl. Þann dag verði stefnt að því að kaupa 3-5 húseignir sem eru án áhvílandi veðbanda. Stefnt að því að síðar í vikunni verði keyptar a.m.k. 50 eignir sem verði með og án veðbanda.
- Önnur mál:**  
Ákveðið að senda fjöldapóst á alla umsækjendur með svörum og upplýsingum föstudaginn 5. apríl.  
Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 9. apríl kl. 10:00 í Borgartúni 26. Í framhaldinu verði fyrsti kaupafundur félagsins haldinn.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 17:30

Óskar Józefsson

Guðrún Þorleifsdóttir